

## Greifynjan af Tende Söguleg smásaga<sup>1</sup>

Fyrsta ár forræðisstjórnar Katrínar af Medici giftist ungfrúin af Strozzi, dóttir marskálsins og náinn ættingi konungsmóðurinnar, greifanum af Tende. Greifinn tilheyrði Savoie-ættinni; hann var auðgur og vel gerður. Hann var sá herra við hirðina sem barst hvað mest á og uppskar fremur virðingu annarra en vináttu. Þrátt fyrir það elskaði greifynjan hann heitt í upphafi hjónabandsins. Hún var kornung, hann leit aðeins á hana sem barn og varð fljótt ástfanginn af annarri konu. Greifynjan var örlynd, af ítölskum ættum, og hún fylltist afbrýðisemi; hún unni sér engrar hvíldar, eiginmanninum ekki heldur, hann forðaðist nærveru hennar og framkoma hans við hana var ekki eins og búast mátti við af eiginmanni.

Fegurð greifynjunnar jókst, hún sýndi góðar gáfur, allir litu hana aðdáunaraugum, hún var upptekin af sjálfri sér og vann smám saman bug á ástríðunni og afbrýðiseminni.

Hún varð nán vinkona prinsessunnar af Neufchâtel, sem var ung og fögur ekkja prinsins af sama stað. Við lát hans fékk hún þau völd sem gerðu hana að æðstu og glæsilegustu konu við hirðina.

Riddarinn af Navarre var afkomandi fornra valdhafa samnefnds ríkis. Hann var einnig ungur að árum, myndarlegur, andríkur og göfuglyndur en örlögin höfðu ekki fært honum aðra auðlegð en upprunann. Honum voru eiginleikar prinsessunnar af Neufchâtel kunnugir og hann leit hana hýru auga. Í henni sá hann konu sem væri fær um að tengjast honum á ástríðufullan hátt og gæti gert mann eins og hann hamingjusaman. Í þeim tilgangi steig hann í vænginn við hana án þess að vera ástfanginn og uppskar hrifningu

---

1 Ásdís R. Magnúsdóttir þýddi og ritar um höfund.

hennar. Hún tók honum vel en þó vantaði mikið upp á að hann næði markmiði sínu. Enginn vissi af þessum áformum; hann hafði aðeins trúað einum vina sinna fyrir þeim og þessi vinur var einnig náinn vinur greifans af Tende. Hann fékk riddarann af Navarre til að samþykka að segja greifanum af Tende frá þessari ráðagerð með það í huga að fá greifann til að leggja hönd á plóginn. Greifanum af Tende féll vel við riddarann af Navarre, hann ræddi um hann við eiginkonu sína, sem hann var farinn að meta að verðleikum, og fékk hana til að gera það sem til stóð.

Prinsessan af Neufchâtel hafði þá þegar trúað henni fyrir ást sinni á riddaranum af Navarre. Greifynjan taldi kjark í hana. Riddarinn kom á fund greifynjunnar, hann lagði á ráðin með henni en um leið og hann sá hana varð hann yfir sig ástfanginn af henni. Í fyrstu lét hann ekkert uppi og gerði sér grein fyrir þeim hindrunum sem þessar tilfinningar, ástin og metnaðurinn, settu í veg fyrir hann; ætti hann að standast þær mætti hann ekki hitta greifynjuna af Tende oft en í leit sinni að prinsessunni af Neufchâtel sá hann hana daglega og þannig varð hann frávita af ást til hennar. Honum tókst ekki að fela tilfinningar sínar algerlega fyrir henni, hún tók eftir þeim, þær kitluðu hégómagirnd hennar og brjóst hennar fylltist af brennandi ást til riddarans.

Dag einn þegar hún sagði honum frá þeirri hamingju sem fælist í því að ganga að eiga prinsessuna af Neufchâtel sagði hann við hana, og horfði á hana á þann hátt að ástin skein úr augunum: „Og haldið þér, frú, að ekki sé til sú hamingja sem ég kysi frekar en að giftast þessari prinsessu?“ Greifynjunni af Tende var brugðið við augnaráð og orð riddarans; hún horfði á hann á sama hátt og hann hafði horft á hana og á milli þeirra myndaðist vandræðaleg þögn sem sagði meira en nokkur orð. Upp frá þessu var greifynjan í uppnámi sem firrti hana allri ró; hún fann til samviskubits yfir því að svipta vinkonu sína tækifærinu til að njóta ástar mannsins sem hún vildi giftast af einskærri ást, þrátt fyrir almenna vandlætingu og þann álitshnekki sem af því hlytist.

Henni bauð við þessum svikum. Sú skömm og óhamingja sem fylgja ástarævintýrum komu upp í huga hennar, hún sá hyldýpið við fætur sér og einsetti sér að forðast það.

Henni gekk illa að standa við ákvörðun sína. Þótt prinsessan væri næstum ákveðin í að giftast riddaranum af Navarre hafði hún efasemdir um ást hans, og af þeirri ást sem hún bar til hans og af tíðum blekkingum hans gat hún sér til um það hversu lítið hann elsaði hana. Hún kvartaði undan því við greifynjuna af Tende, sem róaði hana, en kvartanir prinsessunnar röskuðu að lokum ró greifynjunnar; henni varð ljóst hversu alvarleg svik hennar voru og að þau myndu jafnvel verða til þess að elskhugi hennar yrði af hamingju sinni. Greifynjan sagði honum frá tortryggni prinsessunnar. Honum stóð á sama um allt nema ást greifynjunnar. Engu að síður hélt hann aftur af sér fyrir áhrif hennar og fullvissaði prinsessuna af Neufchâtel um ást sína af svo mikilli einlægni að hún lét í það skína við greifynjuna af Tende að hún væri fullkomlega ánægð með riddarann af Navarre.

Þá náði afbrýðisemin tókum á greifynjunni. Hún óttaðist að elskhugi sinn væri í raun ástfanginn af prinsessunni og hún sá þær ástæður sem hann hafði fyrir því að elska hana. Greifynjan hafði stutt hjónaband þeirra en nú fylltist hún hryllingi við tilhugsunina um það, þó vildi hún ekki að hann sviki loford sitt og óvissan heltók hana. Hún sýndi riddaranum hversu þjökud hún var af samviskubiti í garð prinsessunnar en ákvað að halda afbrýðisemi sinni leyndri fyrir honum og var viss um að það hefði tekist.

Ást prinsessunnar reyndist loks öllu hiki yfirsterkari. Hún ákvað að ganga í hjónaband og afréð að því yrði haldið leyndu og ekki tilkynnt opinberlega fyrr en athöfnin væri um garð gengin.

Greifynjan af Tende var nær dauða en lífi af angist. Sama dag og brúðkaupið átti sér stað var haldin opinber athöfn sem eiginmaður hennar var viðstaddur. Hún sendi allar þernur sínar þangað en lét flytja þau boð að hún væri vant við látin og lokaði sig inni í litlu stofunni sinni þar sem hún lagðist út af á legubekk og þjádast af samviskubiti, ást og afbrýði.

Þar sem hún lá í þessu ástandi heyrði hún hliðardyr opnast á stofunni og sá hvar riddarinn af Navarre gekk inn; hann var betur búinn og glæsilegri en nokkru sinni fyrr: „Riddari, hvert eruð þér að fara?“ hrópaði hún, „hvers leitið þér? Hafið þér misst vitið? Hvað um hjónaband yðar, og hafið þér leitt hugann að mannorði mínu?“

„Hafið ekki áhyggjur af mannorði yðar, frú,“ svaraði hann, „enginn veit af ferðum mínum; þetta snýst ekki um hjónaband mitt, né hamingju mína, þetta snýst einungis um ást yðar, frú, að vera elskaður af yður; allt annað er mér einskis virði. Þér hafið sýnt mér að þér eruð mér ekki afhuga en þér hafið reynt að dylja mig þess að gleði mín yfir hjónabandinu veldur yður sársauka. Ég er hingað kominn, frú, til þess að láta yður vita að ég er hættur við að kvænast, hjónabandið yrði mér áþján ein og ég vil aðeins lifa fyrir yður. Það er bedið eftir mér, sem ég tala hér við yður, allt er til reiðu en ég mun rjúfa heit mitt ef það er yður til þægðar og getur fullvissað yður um ást mína.“

Greifynjan hafði risið upp en lét sig falla aftur niður á legubekkinn og horfði á riddarann; augu hennar voru full af ást og tárur. „Viljið þér að ég deyi?“ sagði hún. „Haldið þér að það hjarta sé til sem geti rúmað allar þær tilfinningar sem þér vekkið hjá mér? Ætlið þér af mínum sökum að snúa baki við þeirri hamingju sem bíður yðar! Ég get ekki afborið þá tilhugsun. Farið til prinsessunnar af Neufchâtel, á vit þeirrar hamingju sem yður er ætluð, þér fáið einnig ást mína. Ég mun eiga við iðrun mína, óvissu og afbrýðisemi, úr því ég neyddist til að játa þetta fyrir yður, eins og mín veika skynsemi býður mér, en ég mun aldrei hitta yður aftur ef þér farið ekki nú þegar í brúðkaup yðar. Farið nú, dveljið ekki hér stundinni lengur og af ást til mín og yðar sjálfs gefið upp á bátinn þessa óskynsamlegu ástríðu sem þér berið til mín og gæti kallað hræðilega óhamingju yfir okkur.“

Í fyrstu var riddarinn yfir sig glaður að sjá hversu heitt greifynjan elskaði hann, en um leið varð honum ljós hryllingurinn sem fólst í því að gefa sig annarri konu. Hann grét og var harmi sleginn, hann lofaði henni öllu fögru með því skilyrði að hann fengi að sjá hana aftur á þessum sama stað. Áður en hann fór vildi hún vita hvernig hann hefði komist inn til hennar. Hann sagði henni að hann hefði leitað til hestasveins hennar, sem hefði áður verið í þjónustu hans, og að hann hefði hleypt honum í gegnum portidið hjá hesthúsunum en þaðan lægi einmitt stiginn bæði upp í litlu stofuna og herbergi hestasveinsins.

Það styttist í brúðkaupið og riddarinn neyddist til að fara, enda rak greifynjan á eftir honum. Hann hélt af stað, eins og honum væri

Það kvalræði eitt, á vit mestu auðæfa sem yngri sonur hefur nokkru sinni eignast. Eins og hægt er að ímynda sér, var greifynjunni af Tende órótt um nóttina, undir morgun kallaði hún á þernur sínar og stuttu eftir að herbergið var opnað sá hún hvar hestasveinninn kom og lagði bréf á rúmið hennar án þess að nokkur yrði þess var. Það eitt að sjá bréfið kom henni úr jafnvægi bæði vegna þess að hún vissi að bréfið var frá riddaranum af Navarre og vegna þess að það var mjög ólíklegt að hann hefði haft tíma um nóttina, sem átti að vera brúðkaupsnóttin, til að skrifa henni og því óttaðist hún að hann hefði gert eitthvað, eða að eitthvað hefði gerst, sem hefði komið í veg fyrir brúðkaupið. Hún opnaði bréfið í mikilli geðs-hræringu og stóðu þessi orð:

*Ég hugsa aðeins um yður, frú, aðeins þér leitið á huga minn, og á þessum fyrstu stundum sem besti kvenkostur í Frakklandi er lögleg eign mín, yfirgef ég í dagrenningu herbergið þar sem ég eyddi nóttinni til að segja yður að ég hef nú þegar iðrast þess þúsund sinnum að hafa hlýtt yður í stað þess að snúa baki við öllu til þess að lifa einungis fyrir yður.*

Bréfið, og ritunartími þess, snertu greifynjuna djúpt; hún snæddi miðdegisverð með prinsessunni af Neufchâtel sem hafði beðið hana að koma til sín. Opinber tilkynning hafði verið gefin út um hjónabandið. Fjöldi manns var í herbergi prinsessunnar en um leið og prinsessan sá greifynjuna yfirgaf hún gestina og bað greifynjuna að koma inn í innri stofuna. Þær voru ekki fyrr sestar en tárin tóku að streyma úr augum prinsessunnar. Greifynjan hélt að það væri af völdum tilkynningarinnar um hjónabandið, sem prinsessan hefði átt erfiðara með að þola en hún hafði búist við, en hún sá fljótt að hún hafði rangt fyrir sér. „Æ, frú mín,“ sagði prinsessan, „hvað hef ég gert? Ég gekk að eiga mann vegna þess að ég elskaði hann; hjónabandið er mér til skammar, hann er lægra settur en ég, ekki verðugur mín og þessi maður sem ég tók fram yfir allt elskar aðra konu!“ Við þessi orð lá við að greifynjan af Tende félli í yfirlið; hún taldi að prinsessan hefði ekki getað getið sér til um ástir eiginmanns síns án þess að átta sig á hver konan var sem hann elskaði; hún kom ekki upp orði. Prinsessan af Navarre (hún gekk undir því nafni eftir

brúðkaupið) tók ekki eftir neinu og hélt áfram: „Herra prinsinn af Navarre,“ sagði hún, „frú, lét bíða eftir sér í gærkvöldi; hann var alls ekki eins óþolinmóður og ástæða hefði verið til að ætla vegna brúðkaupsins. Hann kom inn til mín, þungbúinn, vandræðalegur og annars hugar, og hann fór út úr herberginu við dagrenningu undir óljósu yfirskini sem ég veit ekki hvert var. En hann hafði setið við skriftir, það sá ég á höndum hans. Hverjum öðrum gat hann verið að skrifa en ástkonu? Af hverju lét hann bíða eftir sér og hví var hann svona hikandi?“

Í sömu andrá voru samræður þeirra truflaðar þar sem prinsessan af Condé var komin; prinsessan af Navarre fór að taka á móti henni og greifynjan af Tende var viti sínu fjær. Strax um kvöldið skrifaði hún prinsinum af Navarre til að skýra honum frá grunsemdum konu hans og til að fá hann til að halda aftur af sér. Ást þeirra dvínaði ekki við hætturnar og hindranirnar sem urðu á vegi þeirra: greifynjan af Tende fann enga ró og svefninn gat ekki lengur læknað sorgir hennar. Einn morgun þegar hún hafði kallað á þernur sínar kom hestasveinninn til hennar og hvíslaði að prinsinn af Navarre væri í litlu stofunni og sárþændi hana um að leyfa sér að segja henni nokkuð sem hún yrði að vita. Það er auðvelt að láta undan því sem manni líkar vel; greifynjan vissi að eiginmaður hennar var farinn út, hún sagðist vilja sofa lengur og bað þernurnar að loka dyrunum og koma ekki aftur fyrr en hún kallaði á þær.

Prinsinn af Navarre kom innan úr stofunni og lét fallast niður við rúmið: „Hvað liggur yður á hjarta?“ spurði hún.

„Það að ég elska yður, frú, ég dáí yður, mér er ómögulegt að búa með frúnni af Navarre. Löngunin til að sjá yður greip mig í morgun af slíkum ofsa að ég gat ekki staðist hana. Hingað kom ég, þrátt fyrir þær hættur sem því fylgja og án þess jafnvel að búast við að hitta yður.“ Greifynjan skammaði hann í fyrstu fyrir að stefna orðspori hennar í hættu af slíkri léttúð en ástir þeirra urðu til þess að samtalið dróst á langinn þar til greifinn af Tende kom til baka úr borginni. Hann fór til íbúðar konu sinnar; honum var sagt að hún væri ekki vöknud. Það var áliðið dags, hann fór samstundis inn til hennar og þar sá hann prinsinn af Navarre krjúpa við rúmið hennar, eins og hann hafði gert frá því að hann kom inn til hennar um morguninn. Aldrei hefur nokkur maður orðið jafn undrandi og greifinn af Tende

og ekkert hugarrót jafnast á við það sem greip konu hans; prinsinn af Navarre var sá eini sem hélt ró sinni og án minnstu geðshræingar og án þess að rísa á fætur sagði hann við greifann: „Komið þér, komið þér og hjálpið mér að öðlast þann greiða sem ég bið um á hnjúnum en mér er neitað um.“

Tónninn í orðum prinsins og svipbrigði drógu úr undrun greifans. „Ég veit ekki,“ svaraði hann í sama tón og prinsinn, „hvort sá greiði sem þér biðjið um krjúpandi við rúm konu minnar, þegar mér er sagt að hún sofi, og ég hitti yður hér einan í návist hennar, án þess að vagn sé við dyrnar á húsi mínu, sé af því tagi sem ég væri samþykkur.“ Prinsinum varð rórra því að hann var kominn úr mestu klípunni; hann stóð á fætur, fékk sér sæti eins og ekkert væri sjálf-sagðara, en greifynjann af Tende, skjálfandi og miður sín, leyndi fátinu sem á hana kom í rökkvuðu herberginu. Prinsinn tók til máls og sagði við greifann: „Ég mun koma yður á óvart, þér munuð ásaka mig, en þér verðið að koma mér til hjálpar. Ég er ástfanginn og er elskaður af yndislegustu konunni við hirðina; í gær laumaðist ég frá prinsessunni af Navarre og öllum þjónum mínum og fór á fund konunnar sem beið mín. Eiginkona mín hefur nú þegar komist að því að hugur minn stendur til annarrar konu en hennar og hún hefur auga með mér; hún komst að því hjá þjónustufólki mínu að ég hafði brugðið mér frá og er haldin ólýsanlegri afbrýðisemi og örvæntingu. Ég sagði henni að ég hefði eytt þeim klukkustundum sem ollu henni óróleika hjá marskálsfrúnni af Saint-André, sem er lasin og hittir nánast engan. Ég sagði henni að greifynjann af Tende hefði ein verið þar stödd og að hún gæti spurt greifynjuna hvort ég hefði ekki verið þar allt kvöldið. Ég ákvað að koma hingað og trúa greifynjunni fyrir þessu. Ég fór til la Châtre sem er hér rétt hjá; ég fór þaðan út án þess að þjónustufólk mitt sæi mig og mér var sagt að frúin væri vakandi. Forstofan var mannlaus og ég gekk beina leið inn. Hún neitar mér um þann greiða að segja ósatt fyrir mig, hún segist ekki vilja svíkja vinkonu sína og hefur snuprað mig af mikilli visku, eins og ég hef sjálfur reynt en án árangurs. Nauðsynlegt er að losa frú prinsessuna af Navarre undan afbrýðinni og angistinni sem herja á hana og koma mér úr þeim dauðans vandræðum sem fylgja aðfinnslum hennar.“

Andríki prinsins kom greifynjunni af Tende ekki minna á óvart

en heimkoma eiginmannsins; henni varð rórra og greifann grunaði ekki neitt. Ásamt konu sinni reyndi hann að benda prinsinum á hyldýpi ógæfunnar sem hann var að því kominn að steypa sér í og allt sem hann ætti prinsessunni að þakka; greifynjan lofaði að segja henni hvaðeina sem maðurinn hennar vildi.

Þegar prinsinn var að tygja sig sagði greifinn honum að staldra við: „Í laun fyrir greiðann sem við gerum yður á kostnað sannleikans, segið þér okkur að minnsta kosti hver þessi elskulega ástkona er. Ekki getur það verið mjög virðingarverð kona sem elskar yður og er í ástarsambandi við yður vitandi um samband yðar við jafn fagra konu og frú prinsessuna af Navarre, vitandi að þér hafið gengið að eiga hana og vitandi hversu mikið þér eigið henni að þakka. Þessi manneskja getur ekki verið gædd gáfum, hugrekki og næmleika og í sannleika sagt verðskuldar hún ekki að þér varpið skugga á þá miklu gæfu sem þér eigið að njóta og að þér hagið yður á jafn vanþakklátan og saknæman hátt.“ Prinsinum var orða vant og hann þóttist þurfa að flýta sér. Greifinn fylgdi honum sjálfur út til að fullvissa sig um að enginn kæmi auga á hann.

Greifynjan var frávíta vegna þeirrar hættu sem steðjaði að henni, vegna þeirra hugsana sem orð eiginmanns hennar vöktu hjá henni og vegna þeirrar ógæfu sem blasti við henni vegna ástarinnar sem hún hafði ekki kraft til bægja frá sér. Hún hélt áfram sambandi sínu við prinsinn; hún hitti hann stundum með hjálp La Lande, hesta-sveinsins. Henni fannst hún vera óhamingjusamasta manneskjan í heiminum, og það var hún í raun. Prinsessan af Navarre trúði henni daglega fyrir afbrýðiseminni sem hún átti sök á; þessi afbrýðisemi olli henni djúpu samviskubiti en í hvert sinn sem prinsessan var ánægð með eiginmann sinn var það greifynjan sem fylltist öfund.

Ný þraut lagðist á þjáningar greifynjunnar: greifinn af Tende varð svo ástfanginn af henni að það hefði mátt ætla að hún væri ekki eiginkona hans; hann vék ekki frá henni og vildi neyta þess réttar sem hann hafði áður ekki skeytt um.

Greifynjan mótmælti af slíkri einurð og beiskju að jaðraði við lítilsvirðingu: hugur hennar var hjá prinsinum og ást annars karlmanns særði hana og móðgaði. Greifinn skynjaði hörkuna í framkomu hennar; það fékk svo mikið á hann að hann fullvissaði hana



um það að hann myndi aldrei framar ónáða hana og kvaddi með miklu fálæti.

Það styttist í herferðina. Prinsinn af Navarre átti að ganga í herinn. Tilhugsunin um fjarveru hans fyllti greifynjuna angist og hún óttaðist hætturarnar sem biðu hans. Hún afréð að koma sér hjá því að þurfa að fela vanlíðan sína og ákvað að eyða sumrinu á jörð sem hún átti og var í þrjátíu mílna fjarlægð frá París.

Hún gerði alvöru úr þessu; kveðjustund hennar og prinsins var svo sársaukafull að þau gátu ekki annað en litið á það sem illan fyrirboða. Greifinn af Tende varð eftir hjá konunginum eins og embætti hans kvað á um.

Hirðin átti að flytja sig nær hernum. Setur frúarinnar af Tende var ekki langt undan; eiginmaður hennar sagði henni að hann myndi dvelja þar eina nótt vegna verka sem hann átti ólokið. Hann vildi ekki að hún héldi að hann kæmi til að hitta hana. Ástin hafði fyllt hann gremju í garð greifynjunnar. Framan af hafði frúnni af Tende þótt prinsinn af Navarre sýna henni svo mikla virðingu og hún sjálf vera svo dyggðug að hún hafði hvorki vantreyst honum né sjálfri sér. En tíminn og tækifærin höfðu orðið dyggð hennar og virðingu yfirsterkari og skömmu eftir að hún kom á landareign sína varð henni ljóst að hún var með barni. Ekki þarf annað en að hugsa um mannorð hennar og samband hennar við eiginmanninn til að geta sér til um örvæntinguna sem greip hana. Oft var hún að því komin að binda enda á líf sitt; koma eiginmanns hennar vakti þó veika von hjá henni og hún afréð að bíða og sjá hvort hún ytdi sér í hag. Við vonleysið bættist sú sorg að La Lande, sem hún hafði skilið eftir í París til að koma bréfum á milli hennar og ástmansins, féll frá nokkrum dögum síðar og hún var hjálparlaus einmitt þegar þörfin var hvað mest.

Á meðan á þessu stóð hafði herinn umkringgt óvinina. Ást hennar á prinsinum af Navarre olli henni stöðugum ótta þótt hún væri sjálf þjökuð af hryllingi og skelfingu.

Ótti hennar reyndist á rökum reistur; henni barst bréf frá hernum sem greindi frá lokum umsátursins og falli prinsins af Navarre síðasta dag þess. Hún missti meðvitund og var viti sínu fjær; það gerðist oft en einu sinni. Stundum fann hún eins konar

huggun í þessari yfirgengilegu óhamingju. Hún óttaðist ekki lengur að finna ekki frið, að glata mannorði sínu eða lífinu; dauðinn var það eina sem hún þráði; hún leið kvalir og beið hans og var ákveðin í að binda enda á líf sitt ef allt um þryti. Agnarögn af skammartilfinningu fékk hana til að segjast þjást ógurlega og þannig gat hún réttlætt óp sín og tár. Óteljandi erfiðleikar ollu henni sársauka en hún vissi að hún verðskuldaði hann og náttúran og trúin gerðu hana fráhverfa því að ráða sjálfri sér bana og slógu ákvörðun hennar á frest.

Hún hafði ekki þjáðst lengi þegar greifinn af Tende sneri aftur. Hún taldi sig þekkja allar tilfinningarnar sem hennar dapurlega ástand gat vakið innra með henni en koma eiginmannsins olli þó vanlíðan og óþægindum sem voru ný af nálinni. Þegar hann kom frétti hann að hún væri veik og þar sem hann hafði ætíð kunnað sig bæði gagnvart fólki utan fjölskyldunnar og þjónum sínum fór hann strax inn til hennar. Hún kom honum fyrir sjónir sem frávita og trufluð manneskja og hún gat ekki haldið aftur af tárunum sem hún skýrði enn með því að hún væri þjökuð af verkjum. Greifinn af Tende fann til með henni er hann sá hversu illa var fyrir henni komið og til að leiða huga hennar frá verkjunum sagði hann henni frá dauða prinsins af Navarre og örvæntingu eiginkonu hans.

Örvænting frúarinnar af Tende var slík að hún þoldi ekki að hlusta á þessa frásögn; tár hennar streymdu svo stríðum straumum að greifinn af Tende varð undrandi en um leið rann upp fyrir honum ljós; hann fór út úr herberginu í uppnámi og órólegur; honum virtist sem ástand konu sinnar væri ekki af því tagi sem rekja mætti til líkamlegs sársauka. Hann hafði undrast táraflóðið þegar hann sagði henni frá dauða prinsins af Navarre og allt í einu rifjaðist upp fyrir honum atvikið þegar hann kom að prinsinum á hnjánum við rúmstokk greifynjunnar. Hann mundi eftir framkomu hennar þegar hann hafði viljað hverfa til hennar aftur sem eiginkonu og loks taldi hann sig vita með vissu hvernig málum var háttað en efinn, sem hégómagirndin kallar fram þegar við eigum erfitt með að trúa því sem yfir okkur dynur, var enn til staðar.

Örvænting hans var alger og skammt öfganna á milli í viðbrögðum hans, en þar sem hann var vitur maður hélt hann stillingu sinni og afréð að fara á brott í dagrenningu næsta morgun, án þess að

hitta konu sína; þannig fengi hann tíma til að fullvissa sig og gera upp hug sinn.

Þótt sársauki frúarinnar af Tende væri djúpur hafði hún gert sér grein fyrir því hversu litla sjálfstjórn hún hafði sýnt og hvernig eiginmaður hennar hafði yfirgefið herbergið; hún þóttist vita ástæðuna og þar sem henni bauð við lífinu afréð hún að binda á það enda með þeim hætti sem tæki ekki frá henni vonina um annað líf.

Þegar hún hafði velt vandlega fyrir sér því sem hún hugðist gera, full örvæntingar og þjökuð af óhamingju og eftirsjá, ákvað hún loks að skrifa manni sínum eftirfarandi orð:

*Þetta bréf kostar mig líf mitt en ég á skilið að deyja og þrái það. Ég er með barni. Sá sem ber ábyrgð á ógæfu minni er ekki lengur á lífi, og það á einnig við um eina manninn sem vissi um samband okkar: aðrir hafa aldrei haft minnsta grun. Ég hafði afráðið að binda sjálf enda á líf mitt en ég legg það í yðar hendur og Guð sem yfirbót vegna glæpsins sem ég drýgði. Ég hef ekki viljað verða mér til skammar opinberlega vegna þess að mannorð mitt snertir yður, standið vörð um það sjálfs yðar vegna. Ég mun gera ástand mitt opinbert; felid skömmina og látið mig deyja þegar þér viljið og eins og þér viljið.*

Það var farið að birta af degi þegar hún lauk við að skrifa bréfið; vel má vera að engum hafi reynst jafn erfitt að skrifa nokkurt bréf, hvorki fyrr né síðar. Hún innsiglaði það, fór að glugganum og þar sem hún sá greifann af Tende í portinu, tilbúinn að stíga upp í hestvagninn, sendi hún eina af þernum sínum til hans með bréfið og þau skilaboð að þetta væri ekki áriðandi og að hann gæti lesið það við tækifæri. Greifinn af Tende varð hissa á að fá bréfið, hann leit á það sem eins konar fyrirboða, alls ekki þess sem í því stæði heldur einhvers sem tengdist því sem hann hafði hugsað kvöldið áður. Hann steig einn upp í hestvagninn, í miklu uppnámi, og þorði ekki að opna bréfið þrátt fyrir löngun sína til að lesa það; loks las hann það, komst að ógæfu sinni og hvað datt honum ekki í hug að lestrinum loknum! Hann var í slíkri geðshræringu að ef einhver hefði séð til hans hefði sá hinn sami talið að greifinn hefði misst vitið eða væri að því kominn að gefa upp öndina. Oftast býr afbrýðisemin og grunsemdirnar eiginmennina undir ógæfu þeirra;

þeir hafa jafnvel alltaf einhverjar efasemdir en ekki þá vitneskju sem játningin felur í sér, og sem okkur er um megn að ímynda okkur.

Greifanum af Tende hafði ætíð þótt kona sín afar elskuleg og þótt hann hefði ekki elskað hana hafði hann alltaf litið svo á að hún verðskuldaði meiri virðingu en allar aðrar konur. Þess vegna var hann í senn ofsareidur og furðu lostinn og í þessum tilfinningum báðum fann hann gegn vilja sínum enn til sársauka sem átti upptök í ást hans.

Hann hafði viðdvöl í húsi sem varð á vegi hans og þar eyddi hann nokkrum dögum, kvalinn og aumur, eins og hægt er að ímynda sér. Fyrst sóttu á hann allar þær hugsanir sem eðlilegt er að komi upp í huga manns við þessar aðstæður; hann hugsaði um það eitt að binda enda á ævi konu sinnar en dauðsfall prinsins af Navarre og La Lande, sem hann vissi strax að var trúnaðarmaðurinn, dró úr ofsanum. Hann efaðist ekki um að kona sín hafði sagt honum satt og rétt frá þegar hún sagði að enginn hefði haft grun um sambandið; hann dró þá ályktun að brúðkaup prinsins af Navarre gæti hafa blekkt alla úr því að það blekkti hann sjálfan. Eftir að hafa fengið í hendur jafn mikilvægt sönnunargagn og bréfið dró vissan um að öllum væri ókunnugt um ógæfu hans úr sársaukanum. Hins vegar sveið honum undan því hvernig og hversu illa hann hafði verið svikinn og hefndin var honum efst í huga. Hann hugsaði samt sem áður að ef hann byndi enda á líf konu sinnar og í ljós kæmi að hún væri með barni kæmust menn hæglega að hinu sanna. Þar sem honum var sérlega annt um orðspor sitt tók hann þá ákvörðun sem síst gat flekkað það og afréð að láta ekkert í ljós. Með þetta í huga sendi hann aðalsmann til greifynjunnar af Tende með eftirfarandi orðsendingu:

*Á þessari stundu er löngunin til að koma í veg fyrir að skömm mín verði öllum ljós hefndarþorstanum yfirsterkari; ég mun seinna gera upp hug minn varðandi smánarleg örlög yðar. Hagið yður eins og þér hefðuð ætíð verið það sem þér áttuð að vera.*

Greifynjan gladdist þegar hún fékk þessi skilaboð; hún bjóst við að finna þar dauðadóm og þegar hún sá að eiginmaður hennar féllst á að hún afhjúpaði ástand sitt fann hún vel að skömmin er sterkust allra ástríðna. Hún fylltist einskonar ró þar sem hún taldi fullvíst að

hún myndi deyja en líka vegna þess að mannorði hennar var borgið; hún hugsaði um það eitt að búa sig undir dauðann og þar sem hún var tilfinningarík að eðlisfari þá fetaði hún veg dyggðarinnar og iðrunarinnar af jafn mikilli ástríðu og veg ástarinnar. Sál hennar var sorgmædd og laus við blekkingar og greifynjan gat ekki komið auga á neitt sem tilheyrði lífinu og væri léttbærara en dauðinn og því fann hún enga aðra lausn á ógæfu sinni en að ljúka sinni dapurlegu tilveru. Svona leið nokkur tími og hún minnti fremur á látna manneskju en lifandi. Þegar leið á sjötta mánuð meðgöngunnar lét líkaminn loks undan, hún var með stöðugan hita og fæddi barnið með miklum þjáningum. Henni varð það til huggunar að sjá barn sitt lifandi, fullviss um að það yrði ekki langlíf og að hún hefði ekki fært manni sínum óskilgetinn erfingja. Hún gaf upp öndina nokkrum dögum síðar og tók dauðanum af meiri gleði en nokkur maður hefur gert. Hún fól skrifstofu sínum að flytja eiginmanninum fregnir af andláti hennar, biðja hann fyrirgefningar og sárþæna hann um að þurrka út minninguna um hana enda gæti hún aðeins verið honum til ama.

Þegar greifinn af Tende fékk þessar fréttir fann hann til samúðar og jafnvel dálítillar vorkunnsemi en gladdist þó um leið. Þótt hann væri enn ungur að árum kaus hann að ganga aldrei aftur í hjónaband og hann náði hárrí elli.

## Um Madame de Lafayette

Marie-Madeleine Pioche de la Vergne fæddist árið 1634. Fjölskylda hennar tilheyrði lágaðlinum en var auðug og vel menntuð. Marie-Madeleine var elst þriggja systra úr fyrra hjónabandi móður sinnar; tuttugu og eins árs gömul giftist hún greifanum François de Lafayette, sem var ekkjumaður, þrjátíu og átta ára gamall. Lengst af voru þau aðskilin, hann bjó á landareign sinni í Auvergne, hún í París þar sem hún verður tíður gestur í konungshöllinni og nán vinkona Henriette af Englandi. Hún tók mikinn þátt í samkvæmislífi Parísarborgar, ekki síst salónum sem þá nutu mikilla vinsælda. Þar kynntist hún meðal annars Madame de Sévigné, François de La Rochefoucauld og Jean Regnault de Segrais, höfundu ritsins *Nouvelles françaises* (1656) sem hafði mikil áhrif á mótun klassísku skáldsögunnar. Vinir hennar tóku þátt í ritun sumra verka hennar, að mismiklu leyti þó. Hún sendi fyrst frá sér smásöguna *La Princesse de Montpensier* (1662), án höfundarnafns, og er lítið vitað um tilurð þessa verks. Hetjuskáldsagan *Zaïde*, sem kom út í tveimur bindum 1669 og 1672, og *Princesse de Clèves* (1677) eru eignaðar Madame de Lafayette þótt hún hafi ekki lagt nafn sitt við þessi verk þegar þau komu út. Sú saga sem hér birtist í íslenskri þýðingu kom fyrst út í Frakklandi árið 1718, undir heitinu *La Comtesse de Tende*, tuttugu og fimm árum eftir lát Madame de Lafayette. Ásamt *La Princesse de Montpensier* og *La Princesse de Clèves* ber hún merki þeirra hugmynda sem mótuðu klassísku skáldsöguna. Þessi þrjú verk eiga það öll sameiginlegt að fyrirmyndir sögupersóna eru flestar sóttar í raunveruleikann, jafnvel samtímann; stíll þeirra er einfaldur og nákvæmur og viðfangsefnið ástin, óhamingja og vonlítil barátta einstaklingsins við tilfinningar sínar. Talið er að *Greifynjan af Tende* hafi verið samín um 1658 eða 1660.<sup>2</sup> Á henni þykir jafnvel dálítil byrjenda-

2 Mme de Lafayette, *Romans et Nouvelles*, útg. Alain Niderst, París, Classiques Garnier, bls. xlvi. Þýðingin fylgir framangreindri útgáfu Alains Niderst á *La Comtesse de Tende*, bls. 421–433.

bragur; hann komi einkum í ljós í atburðarás sögunnar sem höfundurinn fléttaði saman af meiri kúnt í síðari verkum. Hér er þó að finna öll helstu einkenni verka Madame de Lafayette, í samþjappaðri mynd sem gefur lesandanum innsýn í líf og ástir aðalsins á síðari hluta 17. aldar.